

## **Samþykkt um kjör fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna funda og ráðstefna**

### **1. gr. Inngangur**

Samþykkt þessi byggir á samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 591/2013. Samþykktin fjallar um þóknun sveitarstjórnarmanna og nær einnig til launakjara fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins

### **2. gr. Markmið**

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að fulltrúar fái laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins
- Að fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ.

### **3. gr. Viðmiðunarfrjárhæð**

Við setningu samþykktar er viðmiðunarfrjárhæð ákveðin út frá þingfararkaupi. Viðmiðunarfrjárhæð tekur mið við launavísitölu og breytist 1. júlí og 1. janúar ár hvert. Laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna eru samkvæmt því hlutfalli sem fram kemur í greinum hér á eftir. Bæjarráð getur ákveðið aðrar hlutfallsskiptingu ef breyting verður á fyrirkomulagi eða störfum bæjarfulltrúa

**Viðmiðunarupphæð                      1.jan.18                      1.101.194                      krónur.**

### **4. gr. Þóknun vegna funda og ráðstefna**

Kjörnir fulltrúar þiggja föst laun fyrir setur í bæjarstjórn og bæjarráði sveitarfélagsins. Fyrir setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins er greitt fyrir fundarsetu utan þess að formaður fær að auki fasta greiðslu. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almennt. Laun fyrir störf í bæjarstjórn, bæjarráði og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af viðmiðunarfrjárhæð.

#### **Bæjarstjórn**

Forseti bæjarstjórnar	15,0%	á mánuði - fundarseta innifalin
1. og 2.Varaforseti	8,0%	á mánuði - fundarseta innifalin
Bæjarfulltrúi	7,5%	á mánuði - fundarseta innifalin
Varamaður	1,5%	á mánuði
Varamaður	3,0%	fundarseta



### **Bæjarráð**

Formaður bæjarráð	24,0% á mánuði - fundarseta innifalin
Aðalmaður	16,5% á mánuði - fundarseta innifalin
Áheyrnarfulltrúi	16,5% á mánuði - fundarseta innifalin
Varamenn	2,0% á mánuði
Varamenn	3,0% fundarseta

### **Nefndir og ráð**

Formaður	2,0% á mánuði
Formaður	2,5% fyrir setinn fund
Varaformaður	2,5% Fyrir setinn fund í fjarveru formanns
Aðalmaður	2,0% fyrir setinn fund
Varamaður	2,0% fyrir setinn fund
Áheyrnarfulltrúar framboða	2,0% fyrir setinn fund

### **5. gr.**

#### **Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags**

Þóknun til kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á ráðstefnum og fundum utan sveitarfélags, sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í skal vera sem hér segir: Fyrir hvern dag skal greiða sem nemur 3% af viðmiðunarfjárhæð.

### **6. gr.**

#### **Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga**

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega. Greiði sveitarfélagið fyrir slíka setu skal greiða sem nemur 1,5% af viðmiðunarupphæð fyrir setinn fund.

### **7. gr.**

#### **Starfshópar/vinnuhópar/verkefnislið**

Ákveði bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd að setja á fót starfshóp, vinnuhóp eða verkefnislið skal koma fram í bókun þar sem slík ákvörðun er tekin ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktari fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir fjárveitingu vegna þess áður en vinna hópsins hefst.

Skipunarbréf skal leggja fyrir bæjarráð til samþykktar og skal það innihalda meðal annars tilgang og markmið með stofnun ásamt kostnaðar og tímaáætlun sem starfshóp/vinnuhóp er ætlað til að skila niðurstöðu.

Fyrir hvern setinn fund skal greiða sem nemur 1,5% af viðmiðunarfjárhæð.

#### **Laun kjörstjórnar**

Fyrir setu í kjörstjórn er greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við kjarasamning Launanevndar sveitarfélaga, lfl. 125. Kjörstjórn fær greitt fyrir undirbúning, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum.

**8. gr.****Laun í orlofi og veikindum**

Bæjarstjórnarfulltrúar skulu fá greitt laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

**9. gr.****Um ferðir og gistingu**

Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmasta hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Greiða skal gisti- og fæðiskostnað með dagpeningum í þeim tilfellum sem sveitarfélagið sér fulltrúa ekki fyrir fæði og gistingu. Greitt er eftir ákvörðun ríkisskattstjóra um ferðakostnað á hverjum tíma.

Akstur vegna starfa í þágu sveitarfélagsins er einungis greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi. Miðast greiðslur per. ekinn km. af ákvörðun ríkisskattstjóra um aksturskostnað. Fyrir akstur á eigin bíl til og frá Reykjavík skal greiða ígildi flugfars til og frá Reykjavík.

Um ferðir til útlanda gildir hið sama en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarráðs fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram.

Bæjarfulltrúi skal hafa samráð við bæjarstjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.

**10. gr.****Um fjármálaráðstefnu og ársþing SASS**

Öllu aðalfulltrúum í bæjarstjórn er heimilt að sækja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga ár hvert sem og ársþing SASS.

**11. gr.****Skil á skýrslu**

Viðkomandi fulltrúi ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum til launafulltrúa sveitarfélagsins.

**12. gr.****Gildistími**

Reglurnar taka þegar gildi og um leið falla eldri samþykktir úr gildi.

*Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar þann 22. maí 2018*

*Samþykkt í bæjarstjórn Hornafjarðar þann 6. Júní 2018*

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri.